

Aðalfundur Veidifélags Árneseinga haldinn á Hótel Selfossi, kl. 13:30, 27.apríl 2022.

- Fundarsetning ásamt sameiginlegri tillögu stjórnar um fundarstjóra og fundarritara.**
Formaður VÁ, Jörundur Gauksson, setti fund og bauð fundarmenn velkomna. Hann bar upp tillögu stjórnar um að fundarstjórar yrðu Haraldur Þórarinnsson og Guðmundur Þorvaldsson og fundarritari Helgi S. Haraldsson. Var tillagan samþykkt.
- Sameiginleg tillaga stjórnar um fulltrúa til að kanna framkomin umboð og skrá þau.**
Formaður VÁ, Jörundur Gauksson, bar upp tillögu stjórnar að Þráinn Bj. Jónsson, Kjartan Helgason og Esther Guðjónsdóttir færu yfir framlögð umboð á fundinum. Var tillagan samþykkt.
- Skýrsla stjórnar, Jörundur Gauksson, formaður.** Formaður sagði frá störfum stjórnar en á fundum hennar var Magnús Jóhannsson fiskifræðingur stjórninni til ráðgjafar og þakkaði Jörundur honum fyrir ráðleggingar og aðstoðá fundum stjórnar. Stjórnin svaraði ýmsum erindum stjórnarmanna og veitti umsagnir vegna minniháttar framkvæmda. Nýtingaráætlun fyrir vatnasvæði Hvítar og Ölfusá var samþykkt á síðasta aðalfundi félagsins og í kjölfarið var hún send til Fiskistofu til staðfestingar. Fiskistofa hefur enn ekki staðfest hana, þrátt fyrir ítrekaðar óskir þar um. Stjórn lítur svo á að áætlunin gildi, þrátt fyrir að hún sé ekki staðfest og veiðitími sé t.d samkvæmt henni. Stjórnin ákvað að nýta ekki heimild í nýtingaráætlun til að auka eða draga úr sókn á vatnasvæðinu. Núverandi nýtingaráætlun styttr netaveiðitímamann í byrjun veiðitímans og einnig má eingöngu, fram til 1.júli, veiða á stöng og sleppa öllum veiddum laxi. Til viðbótar þessu hefur verið samið við allmarga netaveiðibændur um upptöku neta í sumar og næstu sumur, gegn greiðslu og mun því lax eiga greiðari leið upp um allt vatnasvæðið. Formaður fór yfir áform Svf. Árborgar um fráveitu framkvæmdir við Ölfusá, en áform eru uppi um að reisa tveggja þrepa hreinsun auk jónunar, fyrir frárennsli frá Selfossi. Stjórnin hefur í áratugi barist fyrir úrbótum og átt lengi í deilum um hvort eins þrepa stöð væri fullnægjandi hreinsun. Stjórnin hefur ekki séð verk áætlun en formaður er ekki bjartsýnn á meira en eins þrepa hreinsun á næstu árum. Fram hjá formanni fóru auglýstir frestir til að kæra jákvæða niðurstöðu umhverfismats um að nýta Ölfusá í stað þess að fara með fráveituna beint út í sjó. Baðst hann velvirðingar á þessum mistökum en taldi að kæra hefði varla skilað annarri niðurstöðu þar sem Svf. Árborg, ríkisvaldið og aðrir sem að málinu koma hafi ekki haft vilja til að skoða þann valkost að leiða fráveituna til sjávar og gera samanburð á þessum kostum. Spurning hvert markmiðið hafi verið með umhverfismatinu. Nýtt innheimtukerfi var samþykkt á síðasta aðalfundi og þetta árið eiga félagsmenn, sem eru að nýta veiðihlunnindi sín, gegn greiðslu eða á annan hátt, að greiða 8% af þeim tekjum eða ígildi þeirra til félagsins. Mikilvægt er að félagsmenn skili þessum upplýsingum til gjaldkera félagsins, Ólafs Þórarinssonar, sem fyrst ásamt upplýsingum um netföng og greiðslutilhögun. Þetta kerfi eins og 10 daga kerfið er aðferð til að innheimta tekjur fyrir rekstrarkostnaði félagsins en ef það gengur ekki liggur fyrir að kostnað félagsins þarf að innheimta eftir arðskránni. Eins og mörg undanfarin ár var það Þorfinnur Snorrason sem sá um eftirlit fyrir félagið með flugi um vatnasvæðið. Fiskrækt var rædd á flestum stjórnarfundum en nánar var vikið að henni undir sérlið seinna á fundinum.
- Endurskoðaðir reikningar félagsins fyrir árið 2021 lagðir fram og skýrðir.** Gjaldkeri félagsins Ólafur Þór Þórarinnsson fór yfir reikning ársins 2021 og skýrði hann. Niðurstaða hans var tap ársins 1.739.550,-. Fastafjármunir voru 9.375.214,- og veltufjármunir 17.384.624,-, eignir samtals 17.384.623,-. Skammtímaskuldir voru 2.000.000,- vegna uppgjörs á styrk frá ráðherra málaflokksins til rannsókna á svæðinu. Undir reikninga skrifuðu endurskoðendur félagsins og stjórn þess.

ÁRBORG	
Bnr: 15.51	Mótt: 27.09.22
Abm: GHH	Mnr: 2204160


5. **Fjárhagsáætlun fyrir árið 2022 lögð fram.** Gjaldkeri félagsins Ólafur Þór Þórarinnsson lagði fram fjárhagsáætlun fyrir árið 2022.
6. **Umræður um skýrslu stjórnar og afgreiðsla reikninga og fjárhagsáætlunar.** Fundarstjóri opnaði fyrir umræður. Til máls tóku, Valdimar Bjarnason og spurði um tekjur af veiðileyfasölu. Einnig hvort ríkið væri hætt að taka þátt í kostnaði við veiðieftirlitið. Velti því fyrir sér hvort hægt væri að draga úr kostnaði við veiðieftirlit m.a með minna flugi yfir vatnasvæðið. Velti einnig fyrir sér kostnaði við seiðarannsóknir. Kjartan Helgason spurði um seiðældiskostnað og tap rekstur ár eftir ár. Það gangi ekki og skoði þurfi kostnaðarliði og það sem ríkinu beri að greiða. Helgi S Haraldsson tók til máls og ítrekaði það að rekstrarkostnaður félagsins væri greiddur af félagsmönnum en engum öðrum. Þannig sé það ljóst að engin annar geri það. Einnig benti hann á að í samþykktri nýtingaráætlun lægi alveg ljóst fyrir hvaða viðmið það væru sem segðu til um aðgerðir í sambandi við sókn og nýtingu svæðisins. Við værum þar á hættustað og þyrftum að vera vakandi gagnvart aðgerðum til að vernda gæði okkar. Finnur Björn Harðarson tók til máls og sagðist vera sammála nýtingaráætluninni en gerði athugasemdir að landeigendur IÐU 2 skiluðu ekki inn veiðibókum til Fiskistofu og fullyrti að allur fiskur væri drepinn sem veiddur væri í Hvíta við Iðu. Ólafur gjaldkeri svaraði þeim fyrirspurnum sem til hans var beint, m.a að ríkið skuldaði félaginu 500 þús vegna veiðieftirlits, kostnaður vegna seiðældis væri vegna eldis í Tungufelli, hækkun á tekjum í fjárhagsáætlun fyrir árið 2022 væri byggt á 8% reglunni sem kynnt var áður, greiðslur frá þeim er nýta og hafa tekjur af veiði. Jörundur tók til máls og svaraði að kostnaður við fiskrækt í Stóru-Laxá væri vegna umsagnar Hafrannsóknarstofnunar sem óskað var eftir um fiskrækt í lækjum við ána og reyndist neikvæð. Veiðiskráning er lagaleg skilda en engin viðurlög eru við að skila ekki skráningum. Tillaga stjórnar, til ráðherra, að kveða á um viðurlög í reglugerð við því að skila ekki. Finnur Björn Harðarson tók til máls og ítrekar að hann sé ekki á mótí rannsóknnum en bendir á að flestir séu hættir að nota Hafrannsóknarstofnun og noti aðra fiskifræðinga. Segir einnig að samkv 33.grein laga um fiskrækt þurfi ekki leyfi til að stunda fiskrækt sem er í meiri fjarlægð en 100 mtr frá ánni. Valdimar Bjarnason tók til máls og beindi spurningu til veiðieftirlitsmanns, hvort mikið hefði verið um að „bófar“ hefðu verið teknir við veiðiþjófnað sl. 3 ár. Þorfinnur Snorrason svarað því til að lítið væri um það. Valdimar tók undir að sjálfsögðu eigi að refsa þeim sem ekki skili inn veiðitölum.
7. **Fiskirannsóknir. Magnús Jóhannsson, fiskifræðingur, hjá Hafrannsóknarstofnun.**
Sjá erindi Magnúsar meðfylgjandi fundargerð.
8. **Fiskrækt. Jörundur Gauksson formaður.** Formaður fór yfir þau verkefni sem eru í gangi varðandi fiskrækt. **Stóra-Laxá.** Þar hefur verið óskað eftir álit Hafrannsóknarstofnunar varðandi aðgerðir fyrir ófiskgeng svæði árinna. **Hvítá við Iðu.** Hugmyndir um að merkja veiddan fisk, áður en honum er sleppt, með plastmerkjum og útvarpsmerkjum til að vita um og fylgjast með hegðun hans á vatnasvæðinu. **Tungufljót.** Þar verða áframhaldandi rannsóknir í samráði við Tungufljótsdeild en samningurinn um ána sé að renna út og þurfi að ákveða um framhaldið. Jörundur telur mikilvægt að fá samþykki fundarins fyrir áframhaldandi vinnu við framangreinda fiskrækt. Finnur Björn Harðarson tók til máls varðandi fiskrækt og að umdeild „fiskrækt“ hans í lækjum við Stóru-Laxá, hafi verið samkv. lögum að hans mati, þrátt fyrir orð Jörundar og Magnúsar um að svo hafi ekki verið og hún verið framkvæmd í leyfisleysi.



9. **Stjórnarkjör.** Kosið var um þrjá stjórnarmenn. Kosið var um Kjartan Sveinsson, Þráinn Jónsson og Helga S. Haraldsson. Allir gáfu þeir kost á sér áfram. Fundarstjóri hóf kosningu á að kalla eftir örðum tilnefningum, ekki bárust aðrar og voru þeir kosnir með lófaklappi. Kosning til varastjórnar. Uppástunga kom um Bjarna Ófeig Valdimarsson, Hannes Sigurðsson og Kjartan Lárusson. Aðrar tillögur um meðstjórnendur komu ekki og voru þeir kosnir með lófaklappi.
10. **Kjör skoðunarmanna.** Stungið var upp á sitjandi skoðunarmönnum, þeim Árna Oddgeiri Guðmundssyni og Þormóði Ólafssyni og voru þeir kjörnir með lófaklappi.
11. **Önnur mál.** Kjartan Helgason tók til máls og þakkaði fyrir að fundarmenn hafi ekki farið í það að safna umboðum fyrir fundinn eins og oft hefur verið áður. Ræddi einnig kostnað vegna málaferla frá 2018. Þorfinnur Snorrason tók til máls og ræddi aðeins veiðieftirlit og fór yfir að það væri meira leiðbeiningar en sektir. Haraldur Þórarinsson tók til máls og flutti eftirfarandi tillögu. „Aðalfundur Veiðifélags Árnesinga, skorar á stjórn félagsins að vinna ötullega áfram að þeim verkefnum sem í gangi eru á vegum félagsins við rannsóknir og fiskirækt.“ Jörundur Gauksson tók til máls og vonaðist til að fundurinn samþykkti tillögu Haraldar. Valdimar Bjarnason tók til máls og ræddi kostnað vegna fundarstjórnar á fundinum 2018. Finnur Haraldsson tók til máls og taldi ekki hægt að merkja neinn lax við lðu þar sem allt væri drepíð þar. Kjartan Helgason tók til máls og sagðist styðja tillögu Haraldar um fiskrækt og rannsóknir. Tillaga Haraldar borin upp og samþykkt samhljóða.
12. **Fundarslit.** Fundarstjóri þakkað fundarmönnum fyrir fundarsetuna og gaf formanni Jörundi Gaukssyni orðið sem þakkaði starfsmönnum fundarins fyrir þeirra störf og fundarmönnum fyrir fundarsetuna, óskaði þeim góðrar heimferðar og sleit fundi .



Helgi Sigurður Haraldsson fundarritari.



Haraldur Þórarinsson fundarstjóri.